

# Gæðastarf í Grunnskólum

Matsblöð með viðmiðum  
fyrir ytra mat á grunnskólum

3. útgáfa nóvember 2022

# Inngangur

Matsblöð þessi eru ætluð sem hjálpartæki við mat á grunnskólum. Nýtast bæði við innra- og ytra mat á skólastarfi. Viðmið um gæði skólastarfs voru upphaflega unnin af Birnu Sigurjónsdóttur, Björk Ólafsdóttur og Þóru Björk Jónsdóttur fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga 2011 og endurskoðuð eftir tilraunamat á sex skólum 2012.

Viðmiðin hafa verið notuð við mat á grunnskólum hjá Menntamálastofnun og Reykjavíkurborg frá 2013. Árið 2018 voru þau endurskoðuð með þátttöku fulltrúa HÍ, FG, SÍ, SFS og Sambands íslenskra sveitarfélaga undir ritstjórn Þóru Bjarkar Jónsdóttur, Menntamálastofnun. Endurskoðun fór fram eftir reynslu af mati 12 skóla haustið 2018. Þá var röðun undirkafla í stjórnunarþættinum breytt þannig að *samvirkni í stefnumótun* var gert að fyrsta kafla og *faglegt samstarf og samræða* að öðrum kafla. Þá voru einnig smávægilegar breytingar á vísbendingum til að koma í veg fyrir endurtekningu.

Endurskoðun viðmiða fór fram frá júní til nóvember 2022 með hliðsjón af lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna no. 86. 2021 og menntastefnu 2030, fyrstu aðgerðaáætlun 2021-2024 og reglugerð um hæfniramma með viðmiðum fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla. Birna Sigurjónsdóttir, Svanhildur María Ólafsdóttir og Gunnhildur Harðardóttir fóru yfir viðmiðin og gerðu breytingar miðað við framangreind lög, stefnu og áætlun. Farið var yfir breytingar á viðmiðum á fundum og í samráði við fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Mennta- og barnamálaráðuneyti.

Matsblöðin eru með upplýsingum um hvar og hvernig gagna er aflað við hverja vísbendingu:

Va: vettvangsathugun

Rv: rýnivíðtöl : Rn-nemenda, Rk-kennara, Rf-foreldra, Rs-starfsfólks, Rsr

Vs: viðtal við stjórnanda/endur

Sn: skólanámskrá

Sá: starfsáætlun

Hs: heimasíða

Nv: námsvísir (námskrár, bekkjarnámskrár)

Bn: bekkjarnámskrá

Ká: kennsluáætlun

En: einstaklingsnámskrá

Fk: foreldrakönnun

Skp: samræmd könnunarpróf

Lf: lesferill/lesfimi

Sp: skólapúls

Lspf: Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna no. 86/2021

M: 2030: Menntastefna 2030,

Aá: 2024: fyrstu aðgerðaáætlun 2021-2024.

Rh: Reglugerð - nr. 1355, birt 22 nóvember 2022.

**1.1 Samvirkni í stefnumótun****Viðmið um gæðastarf**

Stjórnendur stuðla að því að unnið sé samkvæmt menntastefnu, hæfniviðmiðum og markmiðum sem birtast í lögum um grunnskóla, aðalnámskrá, skólafélagssveitarfélagsins og skólanámskrá. Þeir hafa forystu um að mótuð sé sýn og stefna skólans. Sýn skólans endurspeglar áherslu á rétt allra nemenda til náms á eigin forsendum. Námskrá skólans er opinber og uppfærð reglulega með öllum aðilum skólasamfélagsins. Þeir stuðla að samhljómi meðal kennara, starfsfólks, nemenda og foreldra um stefnu og starfshætti. Stjórnendur virkja alla aðila til samstarfs um að hrinda stefnunni í framkvæmd, kynna stefnuna og tala fyrir henni innan og utan skólans. Stjórnendur vinna með skólafyrirvöldum í sveitarfélaginu að stefnumótun og ákvarðanatöku. Stjórnendur sjá til þess að stefnan skili sér í daglegt starf með nemendum.

\* Verklag öðrum til eftirbreytni, framúrskarandi á sínu sviði.

A Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Vísbendingar	*	A	B	C	D	Leita svara í:
1. Skólanámskrá skólans er opinber og uppfyllir viðmið aðalnámskrár.						Sn, He
2. Í skólanámskrá kemur fram hvað felst í jákvæðum skólabrag.						M 2030
3. Starfsáætlun er samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár og er birt á heimasíðu skólans.						He
4. Stefna og sérstaða skólans er sýnileg í starfsháttum og rædd meðal alls starfsfólks.						Rk, Rs, Vs
5. Stefna sveitarfélags er sýnileg í stefnu og starfi skólans.						Sn, sá,
6. Stefna aðalnámskrár og menntastefna til 2030 er sýnileg í stefnu og störfum skólans, (þar með talið grunnþættir menntunar).						Vs, Vn, Sn, ká, bn, M 2030
7. Samráð er haft við hagsmunaaðila skólasamfélagsins við stefnumótun.						Rf, Rk, Rn, Rs,
8. Í stefnu skólans er áhersla á nýbreytni/umbótaverkefni sem efla félagsfærni nemenda.						Rn, Rk, Rs, Rf, M 2030.
9. Foreldrum og nemendum er markvisst kynnt sýn og stefna skólans.						Rn, Rf,
10. Stefna skólans er endurskoðuð reglulega með það að markmiði að efla starf skólans.						Vs, Rk, Rs
11. Stjórnendur eiga aðkomu að stefnumótun og ákvarðanatöku um skólamál í sveitarfélaginu.						Vs, stefna svf
12. Í áætlunum um nám og kennslu er gerð grein fyrir hvernig unnið er með stefnu skólans.						Sn, sá, V, Ká
13. Skólinn hefur aðgang að heildstæðri skólabjónustu þar sem unnið er að samþættri þjónustu í þágu farsældar barna.						M 2030, Lspf, Vs
14. Hafin er innleiðing á þrepaskiptum stuðningi við skipulag kennslu, starfshátta og stuðningsúrræða í skólanum.						M 2030, Vs,
15. Hafin er vinna við að innleiða menntastefnu til 2030 í stefnu skólans, skólanámskrá og starfsáætlun.						Vs, Rv, RK, Sn, Sá

**1.2 Faglegt samstarf og samræða****Viðmið um gæðastarf**

Stjórnendur skólans hafa miklar væntingar til náms nemenda og hvetja kennara til að vera stöðugt að þróa kennsluhætti sína og bæta gæði náms fyrir alla nemendur. Þeir vinna markvisst að því að innleiða og viðhalda lærdómsmenningu<sup>1</sup> í skólasamfélaginu og stuðla á þann hátt að markvissri skólaþróun Stjórnendur hvetja til faglegs samstarfs og samræðu um nám og kennslu og skipulag sem auðveldar slíkt samstarf. Stjórnendur hvetja kennara til að rannsaka og rýna saman í árangur aðgerða í kennslu með hliðsjón af gögnum um framfarir nemenda. Stjórnendur stuðla að markvissri starfsþróun kennara, bæði formlega og óformlega og sjá til þess að þeir hafi tækifæri til að taka þátt í samstarfsverkefnum út fyrir skólann.

\* Verklag öðrum til eftirbreytni, framúrskarandi á sínu sviði. Skrásetja sérstaklega á hvern hátt það birtist.

A Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Vísbendingar	*	A	B	C	D	Leita svara í:
1. Stjórnendur stuðla að öflugri skólaþróun með fjölbreyttum verkefnum þar sem skólastjórnendur, kennarar, starfsfólk, annað fagfólk og/eða nemendur eru virkir þátttakendur í samræmi við áherslur í menntastefnu til 2030.						M 2030, Sá, Vs, Rv
2. Stjórnendur hafa forystu um sameiginlega starfsþróun starfsmanna innan og utan skólans.						Rk, Rs, Sá, Vs, Rv
3. Ígrundun og gagnrýnin samræða um starfshætti fer fram reglulega meðal starfsmanna.						Rs, Rk, Sá,
4. Stjórnendur og kennarar þekkja og eru meðvitaðir um þá faglegu hæfni og færni sem tilgreind er í reglugerð með viðmiðum fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara og skólastjórnaenda við leik-, grunn-, og framhaldsskóla.						Reglugerð - nr. 1355
5. Með reglubundnum hætti gera kennarar stjórnendum grein fyrir á hvern hátt þeir auka gæði náms og kennslu.						Rk, Vs, Ká, Sá, símenntunaráætlun
6. Reglulega eru faglegir samstarfsfundir þar sem árangur og aðferðir eru ræddar.						Sá,
7. Stjórnendur fylgjast með og sjá um að niðurstöður innra og ytra gæðamats séu skráðar og nýttar til að efla starf skólans og stöðu nemenda.						Rk, Vs,
8. Kennarar vinna saman að því nýta niðurstöður og gögn um árangur skólastarfs.						Rk, Vs, umbótaáætlun Breytt áhersla
9. Stjórnendur sjá um að niðurstöður um námsframvindu og líðan nemenda séu skráðar, nýttar og aðgengilegar viðeigandi aðilum.						Vs, Rk, ath betur
10. Starfsfólk finnur að litið er á hópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur.						Rk, Vs
11. Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum.						Rk, Rs, Vs, Rn, V, Sn
12. Starfsþróunaráætlun <sup>2</sup> sem byggir á stefnu skólans nær til allra starfsmanna.						Starfsþróunaráætlun Sá, Sn
13. Innan starfsþróunaráætlunar rúmast einstaklingsbundnar forsendur til starfsþróunar.						Starfsþr. Áætlun Sá, Sn

<sup>1</sup> Lærdómsmenning byggir á lærdómssamfélagi sem er hópur fólks sem deilir sameiginlegum áhuga og sýn á nám, vinnur saman, styður hvert annað og leitar sameiginlegra leiða til að greina starfshætti sína, bæta þá og innleiða nýja sem geta stuðlað að betri árangri nemenda. Í því tilliti er leitað fanga innan og utan skólans. (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2013, bls. 47-49.)

<sup>2</sup> Í þessari vinnu eru hugtökin símenntunaráætlun (sem er í aðalnámskrá) og starfsþróunaráætlun jafngild.

**1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu****Viðmið um gæðastarf**

Stjórnendur byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið, formleg og óformleg. Samskipti við foreldra beinast að því að styrkja nám, vellíðan og farsæld nemenda í skólanum. Stjórnendur vinna að því að skapa skólanum jákvæða ímynd í samfélaginu. Stjórnendur hlusta eftir röddum grenndarsamfélagsins og leitast við að auka áhrif þeirra í stefnumótun og ákvarðanatöku. Skólastjóri stýrir starfi skólaráðs og stuðlar að virkri þátttöku þess í stefnumótun skólans. Foreldrar taka virkan þátt í að byggja upp gott skólastarf og skapa jákvæðan skólabrag. Markviss samskipti eru við önnur skólastig, frístundastarf og grenndarsamfélag.

\* Verklag öðrum til eftirbreytni, framúrskarandi á sínu sviði.

A Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Vísbendingar	*	A	B	C	D	Leita svara í:
1. Samskipti við foreldrafélag og foreldra eru góð og gagnvirk.						Rf, Fk, Skp, Sá
2. Litið er á foreldra sem mikilvæga þátttakendur í ákvarðanatöku um þróun og skipulag skólastarfs.						Vs, rf, rk,
3. Leitað er eftir sýn og hugmyndum foreldra til að efla skólastarf.						Vs, rf, rk, fk, Skp
4. Formlegar samskiptaleiðir við foreldra eru skráðar í starfsáætlun eða skólanámskrá.						Sá, sn
5. Stjórnendur efna reglulega til formlegra og óformlegra funda með foreldrum.						Sá, Vs, Rf, Fk
6. Skólastjóri kynnir foreldrum sameiginlega ábyrgð á jákvæðum skólabrag sbr. reglugerð <sup>3</sup> .						Rf, Vs,
7. Foreldrum er markvisst kynnt stoðþjónusta skólans og sveitarfélagsins og áherslur sem kom fram í Lögum um farsæld og Menntastefnu 2030.						He, Rf, Rk, Sn, M 2030
8. Upplýsingar um skólastarfið berast til allra í skólasamfélaginu.						Rf, Rst, H
9. Lögð er rækt við að segja frá jákvæðum viðburðum eða fréttum.						He – Rf
10. Samstarf við önnur skólastig er skráð í skólanámskrá og /eða starfsáætlun.						Sn, Sá
11. Samskipti við grenndarsamfélagið eru markviss, m.a. um verkefni nemenda, svo sem starfsnám og heimsóknir.						Sá, Sn, Rf, Rk, Vs
12. Skólaráð fundar reglulega samkvæmt starfsáætlun og tekur virkan þátt í stefnumótun skólans.						Vs, Rv: skólaráð, Sn, He
13. Markvisst samstarf er um frístundastarf og/eða starfsemi félagsmiðstöðvar.						
14. Skólinn heldur fræðslufund að hausti fyrir skólaráð og aðra fulltrúa sem gegna trúnaðarstörfum í stjórnnum og ráðum skólans. ( t.d. nemendaráð/félag, stjórn foreldrafélags og skólanefnd ef við á.)						Sn, Sá, Vs, Rv: skólaráð, He
<b>Aðrar vísbendingar sem benda til gæðastarfs</b>						

<sup>3</sup> Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum, nr. 1040/2011

**1.4 Umbætur og innleiðing breytinga****Viðmið um gæðastarf**

Mat á árangri og störfum er stöðugt í gangi sem hluti af daglegu starfi stjórnenda, niðurstöður þess eru nýttar sem grundvöllur umbótastarfs og til að meta ferli og árangur starfsins. Stjórnendur miðla reglulega niðurstöðum mats og mælinga um árangur skólastarfsins og sjá til þess að kennarar hafi tíma og aðstæður til að rýna í þær niðurstöður og eiga samræður um þróun og umbætur starfsins. Þróunar- og/eða umbótaáætlun skólans byggir á stefnu skólans, sveitarfélagsins og fræðslufirvalda, svo og upplýsingum úr innra og/eða ytra mati á starfinu. Stjórnendur skólans stýra innleiðingu umbótaverkefna af þekkingu og skilningi á breytingaferli. Stjórnendur tryggja starfsfólki viðeigandi starfsþróun í tengslum við áherslur í umbótaáætlun.

\* Verklag öðrum til eftirbreytni, framúrskarandi á sínu sviði.

A Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Vísbendingar	*	A	B	C	D	Leita svara í:
1. Niðurstöður mats og mælinga eru markvisst nýttar til umbóta, má þar m.a. nefna niðurstöður lesskimunarprófa, kannana Skólapúlsins og/eða annarra skimana/kannana sem lagðar eru fyrir.						Vs, Sn, Sá, Nv, Rv Innramatsáætlun
2. Til er skráð verklag hvernig gögn út frá vísbendingu 1. um árangur og líðan eru nýtt í skipulag kennslu til að efla árangur og framfarir nemenda.						Sn, Sá, Vs, Rv Innramatsáætlun
3. Upplýsingum um árangur í skólastarfi samkvæmt vísbendingum 1. og 2. er miðlað reglulega og með skipulögðum hætti til foreldra, nemenda og annarra hagsmunaaðila.						Sn, Sá, Vs, Rv Innramatsáætlun
4. Skólastjórnendur geta útskýrt áherslur sínar og markmið með breytingaferli.						Vs
5. Stjórnendur eiga aðkomu að umbótaverkefnum, s.s. með því að sitja fundi.						Rk, Vs fundargerðir
6. Skólinn nýtir ráðgjöf frá háskólum í markvissri skólapróun.						Sá, Sn, Vs
7. Upplýsingar um þróunarverkefni sem unnið er að eru-skráðar og aðgengilegar hagsmunaaðilum.						Vs, Rk, Rs, sjálfsmats-skýrsla, fundargerðir
8. Starfsþróunaráætlun er skráð og opinber og tekur mið af umbótaáætlun.						Starfsþróunaráætlun
9. Þróunarstarf er í samræmi við sýn og stefnu skólans og stjórnvalda um skólastarf.						Sá, Sn, þróunaráætlun,
10. Þróunarverkefni eru birt á heimasíðu, skólanámskrá og/eða í starfsáætlun.						Sá, Sn, He
11. Samræmi er á milli þróunarstarfs og umbótaáætlana í kjölfar innra og ytra mats.						Mats- og umbótaáætlun
<b>Aðrar vísbendingar sem benda til gæðastarfs</b>						

**1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir****Viðmið um gæðastarf**

Helstu upplýsingar um skólastarfið eru aðgengilegar á heimasíðu. Sátt er í skólasamfélaginu um stjórn skólans og störf stjórnenda farsæl. Daglegt starf er vel skipulagt og ágreiningur, ef upp kemur, leystur. Skólastjórnendur vinna með sveitarfélaginu að því að skapa heilbrigt og öruggt umhverfi í skólanum. Stjórnendur sjá til þess að verklag og áherslur séu í samræmi við lög og reglur þar um. Gætt er að góðri skjalastjórnun, vörslu persónuupplýsinga og upplýsingagjöf um nemendur. Skólastjóri tryggir að nemendum sé gefið tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og að á þá sé hlustað í nefndum og ráðum.

\* Verklag öðrum til eftirbreytni, framúrskarandi á sínu sviði.

A Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Vísbendingar	*	A	B	C	D	Leita svara í:
1. Heimasíða skólans er virk og inniheldur réttar og hagnýtar upplýsingar.						H, Rf
2. Reglulegar kannanir meðal nemenda, foreldra og starfsmanna sýna jákvætt viðhorf til stjórnenda.						Sp, Fk, Rv
3. Nemendur, foreldrar og starfsfólk eru sátt við hvernig daglegt starf er skipulagt.						Rk, Rs,
4. Stjórnendur sjá um að ferli um samskipti og lausn ágreiningsmála séu skýr og virk fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra.						Vs, Rk, Rs
5. Reglur skólans eru skýrar og í samræmi við reglugerð, þær eru endurskoðaðar reglulega og kynntar hagsmunaaðilum skólasamfélagsins.						Rf, Rk, Rs, Rn, Vs
6. Nemendur skólans fá tækifæri til að koma að mótun skólareglna.						Rv
7. Nemendum eru skapaðar námsaðstæður og skólaumhverfi sem byggja á öryggi og námsfriði. (Þetta á við um alla starfsemi skólans s.s. nám og kennslu, skólamáltíðir, frímínútur, ferðir ofl.)						Vs, Rv, Sn.
8. Fylgst er með því að aðbúnaður skóla sé öruggur. (Er unnið í úrbótum samkvæmt skýrslum vinnueftirlits, brunavarna, heilbrigðis ofl.)						Vs,
9. Nemendum eru kynnt öryggismál, þar með talið netöryggi, viðbragðsáætlanir ofl.						Rn, Rk
10. Starfsmönnum og öllum verktökum sem að skólastarfinu koma eru reglulega kynnt lög um persónuvernd og trúnað. (gætt er að því að sækja upplýsingar í sakaskrá)						Vs
11. Skráð er og aðgengilegt öllum hagsmunaaðilum hvar nemendur eiga aðkomu í nefndum og ráðum.						Sn, Sá
12. Skólastjóri tryggir að nemendum sé gefið tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og að á þá sé hlustað í nefndum og ráðum.						Vs, Rv
13. Móttökuáætlanir hvað varðar nýja nemendur, nemendur með sérþarfir, nemendur á flóttu eða hælisleitendur og nemendur sem eru með annað móðurmál en íslensku liggja fyrir og eru opinberar.						Sá, Sn, He
14. Tilfærsluáætlun milli skólastiga liggur fyrir.						Sá, Sn, He

15. Jafnréttisáætlun, áfallaáætlun, eineltisáætlun, öryggisáætlun og forvarnaráætlun liggja fyrir og eru opinberar.						Sá, Sn, He
<b>Aðrar vísbendingar sem benda til gæðastarfs</b>						

## Stjórnun og fagleg forysta

## Þáttur I

### 1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

#### Viðmið um gæðastarf

Stjórnendur vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra aðila í skólasamfélaginu. Stjórnendur skólans skipta með sér verkum þannig að sérþekking þeirra og reynsla nýtist skólastarfinu sem best. Stjórnendur leitast við að menntun og sérhæfing kennara nýtist í störfum þeirra til að tryggja sem best gæði náms og kennslu.

Stjórnendur gæta hagsmuna starfsfólks, benda starfsfólki á réttindi sín jafnt og skyldur og veita markvissa endurgjöf á störf.

\* Verklag öðrum til eftirbreytni, framúrskarandi á sínu sviði.

A Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Vísbendingar	*	A	B	C	D	Leita svara í:
1. Við stjórnun er lögð áhersla á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta.						Rk, Rs, Vs
2. Verkaskipting stjórnenda er skráð og öllum ljós.						Sn, Sá
3. Stjórnendur funda reglulega og miðla upplýsingum sín á milli.						Vs,
4. Kennslu er skipað niður með tilliti til menntunar, hæfni og sérhæfingar kennara eins og við verður komið.						Rk
5. Stjórnendur fylgjast reglulega með námi og kennslu og veita endurgjöf.						Vs, Rk, M 2030, Aá 2024, aðgerð 6.
6. Nýliðar í kennslu og starfsnámsnema njóta leiðsagnar leiðsagnarkennara <sup>4</sup> .						Vs, Rv
7. Nýtt starfsfólk fær stuðning og tengilið innan starfshópsins.						Vs, Rv
8. Stjórnendur fylgjast reglulega með störfum starfsfólks og veita þeim endurgjöf á störf sín.						Rs
9. Starfsfólki er hrósað þegar við á, og/eða bent á það sem betur má fara.						Rk,
10. Réttindi og skyldur starfsfólks eru skráðar og kynntar viðkomandi.						Rk, Rs
11. Starfsþróunarsamtöl fara fram minnst einu sinni á ári.						Vs, Rk, Rs
12. Stjórnendur eru vakandi um samskipti og hafa frumkvæði að lausn ágreiningsmála.						Rk, Rs
13. Starfslýsingar stjórnenda og starfsfólks liggja fyrir.						Sn, Sá, He
14. Fundaáætlun fyrir skólaárið liggur fyrir sem nær til alls starfsfólks.						Sn, He
15. Móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk liggur fyrir.						Sn, He
<b>Aðrar vísbendingar sem benda til gæðastarfs</b>						

<sup>4</sup> Kennari sem tekur að sér leiðsögn við starfsnámsnema, nema/vettvangsnema og nýliða í starfi ber starfsheitið leiðsagnarkennari. Leiðsagnarkennari er faglegur leiðtogi í lærdómssamfélagi skóla og er/getur verið starfandi kennurum til ráðgjafar þegar kemur að starfsþróun og endurmenntun.



**1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks.****Viðmið um gæðastarf**

Skólastjóri leitast við að styrkja eigin þekkingu og efla leiðtogahæfni stjórnenda og annarra í skólanum. Stjórnendur dreifa ábyrgð og gefa starfshópum skýr skilaboð um umboð og ábyrgð.

Markvisst er leitast við að styrkja leiðtogahæfni starfsfólks skólans og fela fjölbreyttum hópi ábyrgð og umboð til að leiða verkefni. Í skólanum ríkir sú menning að mikilvægt sé að huga að heilsu stjórnenda jafnt sem annars starfsfólks.

\* Verklag öðrum til eftirbreytni, framúrskarandi á sínu sviði.

A Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Vísbendingar:	*	A	B	C	D	Leita svara í:
1. Stjórnendur eru faglegir leiðtogar sem styðja og efla kennara svo þeir geti viðhaldið og aukið við þekkingu sína og hæfni í samræmi við áherslur í reglugerð með viðmiðum fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn-, og framhaldsskóla.						Vs, Rv- kennarar Rh- nr. 1355
2. Stjórnendur eru faglegir leiðtogar sem leitast við að styrkja eigin þekkingu og efla leiðtogahæfni stjórnenda, kennara og starfsfólks innan skólans.						Vs, Rv- kennarar/starfsfólk
3. Stjórnendur vinna markvisst að því að innleiða og viðhalda lærdómsmenningu í skólasamfélaginu og stuðla að markvissri starfsþróun kennara og starfsfólks.						Sá Vs, Rv- kennarar og starfsfólk. starfsþróunaráætlun
4. Stjórnendur hvetja kennara til faglegs samstarfs og samræðu um nám og kennslu og til að rannsaka og rýna saman í árangur kennsluaðferða/hátta með hliðsjón af gögnum um framfarir nemenda.						Vs, Rv- kennarar
5. Leiðtogar innan skólans leiða og bera ábyrgð á verkefnum sem snúa að skólastarfinu.						Vs, Rv kennarar/starfsfólk
6. Starfsfólki finnst það njóta trausts og hafa möguleika á að bera ábyrgð á verkefnum.						Rk, Rs
7. Verkefni og ábyrgðaraðilar þeirra eru skráðir og allir upplýstir þar um.						Sn, Sá, Rk, Rs
8. Stjórnendur og starfsfólk er hvatt til að sækja sér faglega handleiðslu bæði faglega sem og persónulega.						Vs, Rk
9. Stjórnendur hvetja starfsfólk til að huga að heilsu sinni og veita svigrúm til þess.						Vs, Rk, Rs
<b>Aðrar vísbendingar sem benda til gæðastarfs</b>						

**2.1 Inntak og námskrá**

**Viðmið um gæðastarf**

Menntastefna stjórnvalda<sup>5</sup> endurspeglast í skipulagi og störfum allra. Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda. Sérhver nemandi fær nám og kennslu í samræmi við ákvæði laga og áherslur aðalnámskrár. Verkefni, viðfangsefni og úrræði veita nægjanlegan stuðning og eru hæfilega krefjandi til að gera öllum nemendum kleift að ná hámarks námsárangri. Námsvísar, bekkjarnámskrár eða áætlanir um nám árganga<sup>6</sup> eða einstaklinga innihalda markmið og viðmið um hæfni með stigvaxandi kröfum og samfellu í námi nemenda. Markmið náms eru sýnileg, kynnt og aðgengileg nemendum og foreldrum.

\* Verklag öðrum til eftirbreytni, framúrskarandi á sínu sviði.

A Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Vísbendingar	*	A	B	C	D	Leita svara í:
1. Í skólanámskrá er lögð áhersla á stefnu stjórnvalda, þ.m.t. menntastefnu til 2030 með tilgreindum leiðum til að mæta þeim.						Sn
2. Námsvísar og áætlanir endurspeglar þessar áherslur, svo sem um eflingu læsis, skóla án aðgreiningar, kennslu í íslensku sem öðru máli og sérstakar áherslur sveitarfélags.						Nv, Ká
3. Grunnþáttum menntunar er gerð skil í námsvísunum og áætlunum um nám.						Nv, Ká
4. Í námsvísunum kemur fram hvernig unnið er að því að efla lykilhæfni allra nemenda.						Nv
5. Námsvísar og markmið náms eru greinargóð og byggja á hæfniviðmiðum aðalnámskrá.						Nv
6. Fram kemur í námsvísunum og áætlunum um kennslu hvernig námsaðlögun er háttáð í hverri námsgrein eða viðfangsefni.						Nv, Ká
7. Í áætlun um sérstakan stuðning við nemendur kemur fram hvernig tilhögun og framkvæmd stuðnings er háttáð hverju sinni.						Rk, Rf, En, Áætlun um sérstakan stuðning
8. Sérstakur stuðningur við einstaka nemendur fer að jafnaði fram innan námsumhverfis bekkjarins.						V, Vs, Rk, Rn
9. Stuðningur við einstaka nemendur er skipulagður með rökstuddri einstaklingsnámskrá innan ramma bekkjarnámskrár.						Rk, En
10. Stuðningur er fjölbreyttur og tekur til allra þátta í skólastarfinu.						Vs, Rv
11. Námsvísar/bekkjarnámskrár eða árganganámskrár eru kynntar með markvissum hætti fyrir nemendum og foreldrum og þeir hvattir til að nýta sér þær.						Rn, Rf, Rk, Nv, Sá
12. Þrepaskipt þjónusta við nemendur/einstaklinga kemur fram í skólanámskrá.						Sá, Lsþf
13. Í einstaklingsnámskrá sést hvernig tilhögun stuðnings við einstaka nemendur er háttáð.						En

<sup>5</sup> Menntastefna stjórnvalda eins og hún birtist í lögum, aðalnámskrá, reglugerðum og stefnu sveitarfélaga.

<sup>6</sup> Í aðalnámskrá eru þessi hugtök ekki notuð. Þar er kveðið á um að í skólanámskrá séu markmið náms sett fram og í starfsáætlun skal birta upplýsingar um tilhögun kennslu s.s. kennsluáætlanir. (Aðalnámskrá bls. 66 og 67.)

Í þessu skjali verður heildaráætlun um nám nefnd námsvísar. Þegar vísað er til annaáætlana einstakra árganga eða bekkja er um árganga- eða bekkjarnámskrá að ræða og kennsluáætlanir eiga við nánari áætlun kennara um tilhögun náms og kennslu sem sett er fram til skemmri tíma.

2.2 Árangur náms

Viðmið um gæðastarf

Kennslan byggir á þeirri stefnu að allir nemendur geti tekið framförum með viðeigandi náms- og kennsluaðferðum. Nemendur gera ráð fyrir að ná árangri í námi. Allir nemendur sýna framfarir í námi. Markvisst er fylgst með árangri nemenda og nemendahópa og brugðist við þörfum með það að markmiði að viðhalda góðum árangri og bæta hann enn frekar. Nemendur sýna þá náms- og lykilhæfni sem stefnt er að samkvæmt aðalnámskrá.

\* Verklag öðrum til eftirbreytni, framúrskarandi á sínu sviði.

A Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Vísbendingar	*	A	B	C	D	Leita svara í:
1. Fyrir liggur stefna um aðgerðir til að auka námsárangur nemenda.						Umbótaáætlun, Vs, Rk
2. Reglulega er fylgst með árangri og framförum hvers nemanda og nemendahópa og hann skráður.						RK
3. Kennarar rýna sameiginlega í niðurstöður námsmats og gerðar eru áætlanir um nám og framfarir nemanda/nemendahópa út frá niðurstöðum.						Rk, Rf, Rn
4. Niðurstöður sem fást með fjölbreyttu mati á læsi eru markvisst nýttar til að auka framfarir nemenda.						M 2030 Aá 2024, aðgerð 6
5. Í skólanum er ríkjandi lestrarmenning þar sem unnið er markvisst að eflingu læsis í víðu samhengi í námi, kennslu og öðru daglegu starfi (má þar nefna bókasafn, námsumhverfi, upplestrarkeppnir, ofl.)						M 2030 Aá 2024 aðgerð 6
6. Unnið er að því að efla lestrarhvöt nemenda með eftirfarandi lykilhugtökum: <b>aðgengi</b> – fjölbreytt lesefni, <b>aðstæður</b> – að lesa daglega og <b>umræður</b> -tækifæri til að ræða lesefnið.						
7. Unnið er með fjölbreyttar tegundir læsis til að efla læsi nemenda og tengjast námssviðum (s.s. mynd-, umhverfis-, miðla-, menningar-, heilsu-, og fjármálalæsi.)						M 2030 Aá 2024 aðgerð 6
8. Skólinn viðheldur eða bætir stöðu sína hvað varðar lesfimi nemenda út frá niðurstöðum lesfimiþrófs og matsramma fyrir lesfimi sem gefin er út af MMS.						
9. Skólinn viðheldur eða bætir stöðu sína í námi nemenda út frá niðurstöðum Matsferils sem tekur við af samræmdum könnunarprófum 2025. (Meta þá)						Matsferill á að koma til framkvæmda 2024-2025.
10. Skólinn viðheldur eða bætir stöðu sína í samskiptum og líðan nemenda, þ.m.t. einelti.						Sp, Olweus
11. Gerð er grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í skólanámskrá.						Sn,
12. Gerð er grein fyrir viðmiðunum um námsmat út frá þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar í kennsluáætlunum.						
13. Viðmið um árangur sem tengjast námsgreinum og lykilhæfni eru skráð og öllum aðgengileg.						Sn, Nv, Ká
<b>Aðrar vísbendingar sem benda til gæðastarfs</b>						

<b>2.3 Gæði kennslu</b>
<b>Viðmið um gæðastarf</b>
Störf kennara endurspeglar stefnu og markmið skólans um kennsluhætti. Kennarar sýna fagmennsku við kennslu og bekkjarstjórn. Viðfangsefni og kennslustundir eru vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og sniðnir að eðli námssviða, markmiðum náms og margbreytilegum þörfum allra nemenda. Námsmatsaðferðir eru fjölbreyttar og markvisst er fylgst með framförum sérhvers nemanda, m.a. með leiðsagnarmati sem byggist á markmiðum og viðmiðum um árangur. Í skipulagi kennara kemur fram hvernig námsaðlögun er háttað.

\* Verklag öðrum til eftirbreytni, framúrskarandi á sínu sviði.

A Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Vísbendingar	*	A	B	C	D	Leita svara í:
1. Stefna skólans um kennsluhætti er sýnileg í vettvangsathugunum.						V
2. Kennslufræðileg hæfni kennara er sýnileg í vettvangsathugunum.						V
3. Fjölbreyttir kennsluhættir sjást í vettvangsathugunum.						V
4. Skipulag kennslu og verkefna er gott og námstími nemenda vel nýttur.						V, Ká
5. Markmið kennslu og verkefna eru skráð í kennsluáætlunum.						Ká,
6. Nemendum er gerð grein fyrir markmiðum kennslustunda og verkefna.						V, Rn
7. Nemendur fást við krefjandi viðfangsefni í samræmi við námsmarkmið hvers og eins.						V, Rn, Ká, en (einstaklingsn)
8. Námsmat tengist markmiðum náms og hæfniviðmiðum.						V, Sn,Ká,
9. Námsmat er fjölbreytt og tekur mið af kennsluháttum.						Sn, Ká, Rk, Rn
10. Í kennsluáætlunum kennara sést að kennsla tekur mið af mati á stöðu nemenda.						Ká,
11. Séð er til þess að bráðgerir nemendur fái námstækifæri við hæfi.						V, Sn, Ká, Rk, Rn, Rf
12. Fjöltýngdir nemendur og nemendur af erlendum uppruna fá markvissa íslenskukennslu.						M 2030, Aá 2024
13. Nemendur fá tækifæri til að bæta nám sitt á grundvelli leiðsagnarnáms/mats.						M 2030, Aá 2024, Sá, Rv,Vs Vettvangur
14. Í námsumhverfi nemenda eru sjónrænar stoðir nýttar til stuðnings við nám, t.d. námsveggir, myndrænt dagskipulag, tölur, stafir, leiðbeiningar.						Vettvangur
<b>Aðrar vísbendingar sem benda til gæðastarfs</b>						

2.4 Skipulag náms

Viðmið um gæðastarf

Kennarar/kennarateymi<sup>7</sup> vinna saman að skipulagi náms og kennslu innan og/ eða þvert á árganga. Skipulag náms gerir ráð fyrir aðstæðum til sjálfstæðs náms<sup>8</sup> og samvinnu nemenda í námi. Nemendur fá svigrúm til umræðna og vita að skoðanaskipti eru hluti af námsferli. Hlúð er að sköpunarþörf nemenda. Umsjónarkennari fylgist markvisst með framförum og líðan allra nemenda og gerir þeim og foreldrum grein fyrir stöðu og næstu skrefum. Námsumhverfi er hvetjandi til náms og gefur fjölbreytta möguleika. Upplýsingatækni er eðlilegur hluti náms- og kennsluumhverfis. Námsgögn eru fjölbreytt og nemendum aðgengileg.

\* Verklag öðrum til eftirbreytni, framúrskarandi á sínu sviði.

A Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Vísbendingar	*	A	B	C	D	Leita svara í:
1. Skipulag kennslu, starfshátta og stuðningsúrræða miðar að jöfnum tækifærum allra nemenda.						M 2030, Sá, Rv, Vs
2. Kennarar bera sameiginlega ábyrgð á skipulagi náms og kennslu í teymisvinnu.						V, Vs, Sn, Rk
3. Teymiskennsla er markvisst nýtt til að skapa fjölbreyttar námsaðstæður.						V, Sn, Rk
4. Samþætt og heildstæð verkefni eru reglulegur þáttur í námi nemenda.						V, Ká, Sn, Bn, Rk, Rn
5. Umræður og skoðanaskipti eru markvisst notuð sem hluti af námi og kennslu.						V, Ká, Rn
6. Fjölbreytileiki er virtur og mismunandi hæfileikum nemenda og einkennum haldið á lofti.						Vettvangur, Sá, Vs, Rv
7. Séð er til þess að nám og námsaðstæður styðji við sköpunarþörf nemenda.						Vettvangur, Sá, Vs, Rv
8. Stuðlað er að fjölbreytni í list- og verkgreinum og vægið er jafnt þeirra á milli samkvæmt aðalnámskrá.						V, Sn, Ká, Rn, Rk
9. Samvinna og samstarf nemenda er markvisst þjálfað og notað í námi og kennslu.						V, Ká
10. Umsjónarkennari veitir nemendum og foreldrum reglulega upplýsingar um stöðu náms og framfara.						Rn, Rk, Rf, Sn
11. Formleg leiðbeinandi samtöl fara fram á milli kennara og nemenda um nám og námsframvindu nemandans.						Sá, Vs, Rv
12. Í skólanum sést að nemendur nýta námsumhverfi á fjölbreyttan hátt til sjálfstæðs náms eða samvinnu í námi.						V,
13. Grenndarsamfélag skólans er markvisst nýtt í skólastarfi.						Sn, Ká, V,
14. Nemendur hafa góðan aðgang að fjölbreyttum og vönduðum námsgögnum og nýta þau.						V, Rn
15. Nemendur læra að afla upplýsinga, vega þær og meta og vinna með þær á gagnrýninn og ábyrgan hátt.						Vettvangur, Vs, Rv
16. Verk nemenda eru sýnileg og eru hluti af menningu grunnskólans.						Vettvangur

<sup>7</sup> Kennarateymi nær yfir kennara sem skipuleggja og ígrunda starf sitt saman en kenna ekki endilega saman í námshóp. Teymiskennsla nær yfir það þegar kennarar vinna einnig skipulega saman í kennsluáðstæðum.

<sup>8</sup> Með sjálfstæðu námi og samvinnu í námi er m.a. vísað til lykilhæfnipátta aðalnámskrár (bls. 94). Þar er stefnt að því að nemandi geti sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Haft frumkvæði að, sýnt ábyrgð og tekið nokkuð virkan þátt í samstarfi. Tekið á móti og sett fram skipulagða gagnrýni á ábyrgan og uppbyggilegan hátt og tekið nokkuð virkan þátt í skólasamfélaginu á lýðræðislegan hátt.

17. Skólasafnið er upplýsingaver með fjölbreyttum bókakosti, búnaði og námsgögnum.						Vettvangur
<b>Aðrar vísbendingar sem benda til gæðastarfs</b>						

## Nám og kennsla

## Þáttur 2

<b>2.5 Námsvitund</b>
<b>Viðmið um gæðastarf</b>
Nemendur þekkja styrkleika sína í námi og eru áhugasamir og nám þeirra tekur mið af námskrá og áhugasviði þeirra. Þeir fá þjálfun og eru hvattir til að taka frumkvæði og bera ábyrgð á eigin námi og framkomu. Nemendur setja sér markmið um nám sitt og skipulag námsframvindu og fást við fjölbreytt og krefjandi viðfangsefni sem stuðla að virkri þátttöku og rökhugsun. Nemendur og nemendahópar bera vaxandi ábyrgð, eftir aldri, á að velja viðfangsefni, þekkja viðmið, leiðir að markmiðum og námsaðferðir. Nemendur gera sér grein fyrir hver viðmið um árangur eru, læra að meta gæði vinnu sinnar og taka þátt í að meta eigin framfarir.

\* Verklag öðrum til eftirbreytni, framúrskarandi á sínu sviði.

A Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Vísbendingar	*	A	B	C	D	Leita svara í:
1. Nemendum er kennt að setja sér markmið í námi.						Sá, Rv, Nv, vettvangur
2. Nemendur eru virkir þátttakendur í að setja sér markmið í námi.						Sá, Rv, Nv, vettvangur
3. Nemendur gera sér grein fyrir þeim hæfniviðmiðum og leiðum sem þeir þurfa að vinna að til að ná markmiðum sínum og árangri í námsverkefnum.						Sá, Rv
4. Nemendur og foreldrar eru með í ráðum um einstaklingsbundin námsmarkmið.						Rn, Rf, Rk
5. Nemendur sýna námi sínu áhuga og eru virkir í kennslustundum.						
6. Áhugasvið og margvíslegir hæfileikar nemenda eru sýnilegir í verkefnum nemenda.						V, Ká, Rn
7. Nemendur fá markvissa þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum.						V, Rn
8. Nemendur gera sér grein fyrir og nýta sér mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni í námi.						V, Rn,
9. Nemendur hafa kost á að velja sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða námsstíl.						V, Nv, Ká, Rn
10. Nemendur þjálfast í að meta eigið nám, vinnu og námsframvindu.						Rk, Rn,
11. Markvisst er unnið með tilfinningalæsi, félags- og samskiptafærni með nemendum.						Sá, Nv, Rv, Vs Lsþf
<b>Aðrar vísbendingar sem benda til gæðastarfs</b>						

**2.6 Ábyrgð og þátttaka**

**Viðmið um gæðastarf**

Starfsfólk og nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Nemendalýðræði<sup>9</sup> er virkt í skólanum, með samvinnu og lýðræðislegum vinnubrögðum í skipulagi náms og skólastarfs. Nemendur vita að markvisst er leitað sjónarmiða þeirra um námsumhverfi, námstilhögun, fyrirkomulag skólastarfs, líðan og félagslegar aðstæður í skólanum. Tekið er tillit til sjónarmiða nemenda og ríkar væntingar gerðar til þeirra allra. Nemendur eru hafðir með í ráðum um ákvarðanir sem snerta þá. Nemendur hafa reglulega tækifæri til að ræða málefni sín með samnemendum. Nemendafélag og nemendafulltrúar í skólaráði eru virkir og upplýsa nemendur um málefni er varða þá. Nemendur gera sér grein fyrir hlutverki sínu við að skapa jákvæðan skólabrag.

\* Verklag öðrum til eftirbreytni, framúrskarandi á sínu sviði.

A Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Vísbendingar	*	A	B	C	D	Leita svara í:
1. Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu og umburðarlyndi.						V, Rk, Rs, Rn,
2. Samvinna og stuðningur ríkir innan nemendahópsins.						V, Rn,
3. Nemendur hafa tækifæri til samvinnu um skipulag náms og skólastarfs.						V, Sn, Rn, Rk, Vs
4. Til er skráð og opinbert verklag um hvernig sjónarmiða nemenda er aflað.						Sn, Sá, Vs, Rk
5. Nemendur vita hvaða áhrif þeir geta haft á skipulag, framkvæmd og mat á námi sínu og námsumhverfi.						Rn, Rk
6. Nemendur fá kennslu og þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri til að hafa áhrif.						Ká, Rn, Rk, V
7. Leitað er sjónarmiða nemenda um nám og fyrirkomulag skólastarfs.						Vs, Rn, Rk, V
8. Leitað er sjónarmiða nemenda um líðan og félagslegar aðstæður í skólanum.						Vs, Rn,
9. Sjónarmið nemenda hafa áhrif á nám þeirra, aðbúnað og aðstæður í skólanum.						Rn, Vs, Rf, Rk, V
10. Nemendur fá reglulega tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á fundum í námshópum.						
11. Náms hópar funda reglulega undir stjórn kennara með skipulögðum og vel undirbúnum hætti.						Rn, Rk, Nv, Bn
12. Nemendafulltrúar í skólaráði og á öðrum nefndum á vegum skólans fá til þess þjálfun.						Vs, Rn
13. Séð er til þess að upplýsingar um umræður og ákvarðanir ráða eða nefnda, þar sem kjörnir fulltrúar nemenda sitja, séu öllum nemendum aðgengilegar.						Rn, Rsr, H, Rk
<b>Aðrar vísbendingar sem benda til gæðastarfs</b>						

<sup>9</sup> Hugtakið nemendalýðræði er ekki nefnt í aðalnámskrá. Lýðræði, lýðræðisleg vinnubrögð og samstarf er nefnt víða og einn grunnþáttanna er um lýðræði og mannréttindi. Nemendalýðræði og að raddir nemenda fái rými í skólastarfi er samkvæmt þróun sem á sér stað í menntamálum víða um heim.



<b>3.1 Skipulag</b>
<b>Viðmið um gæðastarf</b>
Litið er á framkvæmd innra mats og umbætur í kjölfar þess sem mikilvægt og sjálfsagt. Innra mat er markmiðsbundið og samofið daglegu skólastarfi. Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt, bæði árangur þess og gæði. Fyrir liggja áætlanir um innra mat til skemmri og lengri tíma. Val matsþátta byggist á markmiðum skólans, stefnu og viðfangsefnum og er því skiljanlegt hagsmunaaðilum og utanaðkomandi. Skólinn notar innra mat til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðum skólans hefur verið náð. Með innra mati eru einnig metnar leiðir sem farnar eru til að ná markmiðunum. Skilgreind eru viðmið <sup>10</sup> um þann árangur sem stefnt er að og eru þau birt (s.s. í matsáætlun/starfsáætlun/skólanámskrá)

\* Verklag öðrum til eftirbreytni, framúrskarandi á sínu sviði.

A Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Vísbendingar	*	A	B	C	D	Leita svara í:
1. Innra mat er álitid mikilvægt og sjálfsagður hluti af skólastarfinu.						Vs, Rk, Rs, Rf, Rsrþ
2. Í skólanámskrá/starfsáætlun er umfjöllum um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf.						Sn
3. Mat á námi, framförum, árangri og líðan nemenda fer fram reglulega á skipulagðan hátt.						Sn, Rk, Rn, Ká
4. Mat á kennslu og fagmennsku kennara fer fram reglulega, s.s. með mati skólastjóra á kennslu, jafningjamati kennara og mati á nýjungum í kennsluháttum.						Vs, Rk,
5. Val matsþátta byggir með skýrum hætti á stefnu skólans, markmiðum og helstu viðfangsefnum.						Innramatsáætlun
6. Markmið stefnu skólans eru metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti.						Rk, Rs, Vs
7. Fyrir hvert markmið eru skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að.						Innramatsáætlun
8. Leiðir að markmiðum, s.s. verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferlar, eru hluti af innra matinu.						Innramatsáætlun
9. Langtímaáætlun um innra mat liggur fyrir þar sem fram kemur hvernig helstu þættir skólastarfsins eru metnir.						Innramatsáætlun
10. Ítarleg áætlun um innra mat fyrir viðkomandi skólaár liggur fyrir.						Innramatsáætlun
11. Umbóta- og þróunaráætlun í kjölfar innra mats liggur fyrir og eftirfylgni vöktuð.						Umbótaáætlun, Vs
<b>Aðrar vísbendingar sem benda til gæðastarfs</b>						

<sup>10</sup> Viðmið er sá árangur sem stefnt er að og einhugur er um í skólasamfélaginu að telst góður árangur.



<b>3.2 Framkvæmd</b>
<b>Viðmið um gæðastarf</b>
Nám og kennsla er metið reglulega og er hluti af daglegu starfi kennara og stjórnenda. Innra mat byggir á margvíslegum upplýsingum sem og notaðar eru fjölbreyttar aðferðir. Val aðferða ræðst af viðfangsefninu, hópnum sem leitað er upplýsinga hjá og þeim spurningum sem lagt er upp með. Áhersla er á mat á námi og kennslu með ígrundun kennara. Niðurstöður sem aflað er af aðilum utan skólans eru rýndar, ræddar og nýttar með markvissum hætti til umbóta og skólaþróunar á sama hátt og niðurstöður sem aflað er af aðilum innan skólans. Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum. Teymi með fulltrúum starfsfólks, nemenda og foreldra ber ábyrgð á innra mati ásamt skólastjórn. Markvisst hafa verið byggðar upp eigindlegar og meginlegar gagnaöflunaraðferðir og matstæki sem hafa verið aðlöguð að þörfum skólans. Þegar gagna er aflað er leitað eftir sjónarmiðum allra helstu hagsmunaaðila eftir því sem við á. Matsframkvæmdin er endurmetin reglulega og reynslan af matinu ígrunduð og skráð.

\* Verklag öðrum til eftirbreytni, framúrskarandi á sínu sviði.

A Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Vísbendingar	*	A	B	C	D	Leita svara í:
1. Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda.						Vs, Rk, Sn
2. Teymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila hefur umsjón með framkvæmd innra mats.						Vs, Sn
3. Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati (svo sem sveitarfélags og ráðuneytis) í innra mati.						Innramatsáætlun, umbótaáætlun
4. Skólinn nýtir niðurstöður könnunarprófa, kannana og skimana með markvissum hætti í innra mati.						Innramatsáætlun, umbótaáætlun, Vs, Rk
5. Hagmunaaðilar skólastarfsins geta haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats (t.d. í gegnum fulltrúa í matsteymi eða aðkomu skólaráðs).						Vs, Rk, Rs, Rn, Rf, Rsr, Sn
6. Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli.						Innramatsáætlun,
7. Byggðar hafa verið upp gagnaöflunarleiðir er hæfa þörfum skólans.						Innramatsáætlun,
8. Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun, bæði eigindlegra og meginlegra gagna.						Innramatsáætlun,
9. Reglulega eru endurskoðaðar aðferðir og reynsla af innra mati.						Vs
10. Nemendur og foreldrar eru virkir þátttakendur við framkvæmd og ákvarðanatöku innra mats t.d. með setu í matsteymi eða skólaráði.						Vs, Rv
11. Stuðlað er að því að starfsfólk skóla fái tækifæri til að efla hæfni sína í innra mati.						Vs, Rv
<b>Aðrar vísbendingar sem benda til gæðastarfs</b>						

<b>3.3 Umbætur</b>
<b>Viðmið um gæðastarf</b>
Greinargerðir <sup>11</sup> , sem lýsa framkvæmd innra mats, helstu niðurstöðum og áætlunum um umbætur eru öllum aðgengilegar og birtast opinberlega. Í greinargerð um innra mat er fjallað um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta og að hve miklu leyti markmið hafa náðst. Fyllsta trúnaðar við þátttakendur er gætt með því að afmá allar persónugreinanlegar upplýsingar úr greinargerðum <sup>12</sup> . Niðurstöður innra og ytra mats eru formlega kynntar hagsmunaaðilum og þeir taka virkan þátt í samræðum um umbætur. Niðurstöður eru markvisst notaðar til umbóta. Umbætur eru skilgreindar og skipulagðar á grunni greiningar og samræðna hagsmunaaðila. Tímasett áætlun um umbætur er gerð og henni er fylgt eftir með skipulögðum hætti. Í áætluninni kemur fram hverjir bera ábyrgð á verkefnum og hvenær og hvernig árangur er metinn. Matsniðurstöður hafa með skýrum hætti áhrif á starfshætti og skólinn getur sýnt fram á umbætur sem eru raktar til innra mats. Fræðslufirvöld skóla fjalla um niðurstöður innra mats og styðja við nauðsynlegar umbætur og framvindu þeirra.

\* Verklag öðrum til eftirbreytni, framúrskarandi á sínu sviði.

A Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Vísbendingar	*	A	B	C	D	Leita svara í:
1. Áætlanir skólans um umbætur og þróunarstarf <sup>13</sup> byggja á virku innra mati og öðrum gögnum <sup>14</sup> um árangur skólastarfsins.						Sjálfsmatskýrslu, Vs, Rk
2. Greinargerð um innra mat er til staðar þar sem koma fram grundvallarupplýsingar um innra matið.						Greinargerð um innra mat, árleg
3. Í greinargerð um innra mat er fjallað um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta.						Greinargerð um innra mat,, árleg
4. Í greinargerð um innra mat er fjallað um að hve miklu leyti markmið skólans hafa náðst.						Greinargerð um innra mat,, árleg
5. Niðurstöður úr innra og ytra mati eru formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum.						Vs, Rk, Rs, Rn, Rf, Rsr,
6. Þegar niðurstöður mats liggja fyrir eiga sér stað samræður meðal hagsmunaaðila um þróun og umbætur.						Vs, Rk, Rs, Rn, Rf, Rsr,
7. Umbótaáætlun er í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta.						Umbótaáætlun og greinargerð um innra mat
8. Í umbótaáætlun eru tilgreindar markvissar aðgerðir þar sem markmið hafa ekki náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru.						Umbótaáætlun
9. Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf þó að þær snúi ekki beint að þeim markmiðum sem metin voru.						Vs, Rk, Rs, Rn, Rf, Rsr,
10. Áætlanir um umbætur eru bornar undir skólaráð með formlegum hætti og kynntar fræðslufirvöldum og skólanefndum.						Rsr, Sá, Rv
11. Umbótum er kerfisbundið fylgt eftir.						Vs, Rk, Rs, Rn, Rf, Rsr,

<sup>11</sup> Góð greinargerð um innra mat lýsir: (1) tengslum við stefnu og markmið skólanámskrár, (2) tilgangi matsins, (3) aðferðum við framkvæmd þess og þátttakendum, (4) viðmiðum, (5) helstu niðurstöðum og (6) greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta.

<sup>12</sup> Þetta nær ekki yfir skólastjóra, sem er forstöðumaður grunnskóla og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn.

<sup>13</sup> Í aðalnámskrá, bls. 66 er rætt um áætlanir skólans um umbætur og þróunarstarf. Í viðmiðum eru þessar áætlanir einu nafni nefndar umbótaáætlun og nær bæði til áætlunar um aðgerðir í framhaldi af innra mati og áætlunar um skólaþróun sem spottin er frá öðrum grunni.

<sup>14</sup> Gögn um árangur á samræmdum könnunarprófum, niðurstöður lesferismælinga og annarra mælinga sem skólinn tekur þátt í eða stendur sjálfur að s.s. Talnalykill, Skólapúlsinn. Einnig kannanir sem sveitarfélagið stendur að s.s. starfsmannakönnun.

12. Skólinn getur sýnt fram á umbætur sem eru raktar til innra mats.						Vs, Rk, Rf, Rs
13. Umbótaáætlun er tímasett og hún skilgreinir markmið, viðmið, leiðir og ábyrgðaraðila fyrir umbótum.						Umbótaáætlun
14. Skólinn hefur kost á ráðgjöf og stuðningi við skipulag og framkvæmd innra mats og umbótaáætlana.						Vs, innramatsáætlun, Rv
<b>Aðrar vísbendingar sem benda til gæðastarfs</b>						